

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/663
komudagur 21. 11. 2012

Akureyri 19. nóvember 2012


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra
Steingrímur J. Sigfússon
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Á aðalfundi Eypings 2012 var samþykkt ályktun um **úrbætur á flutningsgetu á raforku**, sem fylgir hér á eftir.

Aðalfundur Eypings, haldinn á Dalvík 5. og 6. október 2012, lýsir yfir áhyggjum af því að takmörkuð flutningsgeta á rafmagni innan svæðisins geti haft þau áhrif að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á starfssvæði Eypings. Flutningsgeta má ekki standa eðlilegri atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum. Samhliða þessu þarf að huga að öryggi í afhendingu á rafmagni en fyrirtæki á Norðurlandi hafa upplifað rafmagnsleysi í tvígang á árinu sem hefur haft veruleg áhrif á rekstur fyrirtækjanna.

Þá leggur fundurinn þunga áherslu á að þriggja fasa rafmagn verði í boði á öllu svæðinu.

Virðingarfyllst,



Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri

Afrit:
Atvinnuveganefnd Alþingis